

Nd.

246. Nefndarálit

um frv. til laga um gjaldeyrisvarasjóð og eftirlit með erlendum lántökum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur eigi getað orðið ásátt um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykkt með lítilsháttar breytingu eða leiðréttingu, en minni hlutinn hefur lýst sig andvigan frumvarpinu í heild.

Í 8. gr. er ákvæði um það, að hanna ýmsum stofnunum að taka lán, nema með samþykki ráðherra þess, er fer með gjaldeyrismál, að fengnum tillögum nefndar þeirrar, er skipuð verður samkv. frv., ef að lögum verður. Mun það eiga við erlendar lántökur eingöngu, og leggur meiri hlutinn því til, að frv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 8. gr. Aftan við orðin „að taka lán“ bætist: erlendis.

Alþingi, 17. apríl 1941.

Sveinbjörn Högnason,
form., frsm.

H. Guðmundsson.

Skúli Guðmundsson.